



Erindisbréf

starfshóps vegna eftirfylgni skólastefnu Þingeyjarsveitar

1. Stjórnskipuleg staða

Erindisbréf starfshóps vegna eftirfylgni skólastefnu Þingeyjarsveitar 2022-2030 sem heyrir beint undir sveitarstjórn.

2. Skipan nefndarinnar

Í starfshópnum eiga sæti sex fulltrúar sem skipaðir eru með eftirfarandi hætti:

- fulltrúar sveitarstjórnar: Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir formaður, Arnór Benónýsson og Eyþór Kári Ingólfsson.
- fulltrúar kennara Reykjahlíðarskóla, Stórutjarnaskóla og Þingeyjarskóla, einn frá hverjum skóla.
- starfsmaður hópsins er sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Ásta F. Flosadóttir.

Sveitarstjórn staðfesti skipan hópsins á 50. fundi þann 24. október 2024.

Skipunartími hópsins nær til loka kjörtímabilsins.

3. Verkefni starfshóps

- Fylgja eftir framkvæmd skólastefnu Þingeyjarsveitar og endurskoða stefnuna eftir þörfum.

4. Afurð starfshópsins

Að leggja fram tillögur fyrir sveitarstjórn í anda skólastefnu Þingeyjarsveitar. Skólastefna Þingeyjarsveitar er lifandi plagg í stöðugri endurskoðun. Starfshópnum er ætlað að hafa það í huga og leggja til endurskoðun einstakra þátta stefnunnar eins og þurfa þykir.

5. Starfshættir starfshópsins

Starfshópurinn kemur saman á fastákveðnum fundartímum sem gerð er tillaga um á fyrsta fundi hópsins. Funda skal tvisvar sinnum á ári; einu sinni á hvorri önn. Halda skal tölvugerða fundargerð þar sem skrá þarf hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitja hann. Fundargerð skal undirrituð rafrænt. Formaður og/eða starfsmaður hópsins kemur fundargerð til sveitarstjóra sem leggur hana fram með dagskrá næsta fundar sveitarstjórnar. Formaður skal annast undirbúning starfshópsins í samráði við starfsmann sem sér um fundarboðun. Fundarboð skal sent í tölvupósti og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Hún skal send meðlimum starfshópsins eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Formaður stýrir fundum hópsins. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti hópsins er mættur á fund. Í



atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Að öðru leyti vísast til samþykktar um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar.

6. Kostnaður

Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur í samræmi við þóknanir fastanefnda sveitarfélagsins. Fastráðnir starfsmenn sveitarfélagsins fá ekki greitt sérstaklega fyrir fundi enda fer vinna starfshópsins fram á dagvinnutíma. Akstur á fundi er greiddur skv. akstursdagbók en leitast skal við að nýta bifreiðar sveitarfélagsins þar sem því verður við komið. Fundi má einnig halda gegnum fjarfundabúnað. Formaður skal skila uppgjöri vegna fundasetu til launafulltrúa.

Samþykkt svohljóðandi á fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar dags. xx.xxx

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri